

**Alþingi  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

**14. mars 2024**

**Efni: Umsögn SFF um frumvarpi til laga um sjúklingatryggingu. Þingskjal  
1075 — 718. mál.**

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) vísa til frumvarps til laga um sjúklingatryggingu sem heilbrigðisráðherra lagði fram á Alþingi þann 19. febrúar síðastliðinn. Samtökin þakka fyrir gott samráð við váttryggingafélögin vegna þeirrar breytingar sem felur í sér að einkarekin heilbrigðisþjónusta verði framvegis tryggð sjúklingatryggingu hjá opinberri stofnun, þ.e.a.s. Sjúkratryggingum Íslands. Um breytinguna segir m.a. í greinargerð:

*„Fyrirhuguðum breytingum er ætlað að bæta málsmeðferð og auka jafnræði iðjónþola með því að fella meðferð allra sjúklingatryggingarmála undir meðferð samkvæmt sjórnsýslulögum, en í gildandi löggjöf á sú meðferð aðeins við um atvik sem verða hjá heilbrigðisstofnunum í ríkisrekstri. Þannig getur staða einstaklings sem sækir um bætur úr sjúklingatryggingu verið gjörólik eftir því hvort veitandi heilbrigðisþjónusta er í ríkis- eða einkarekstri. Frumvarpið tilgreinir nákvæmlega heimild sjúkratryggingastofnunarinnar til gagnaöflunar og málsmeðferðar, þ.m.t. matsferlið.“*

Um leið og samtökin fagna því að ný heildarlög um sjúklingatryggingu hafi litið dagsins ljós er eitt atriði sem þarfnast athygli í tengslum við lagaskilin. SFF sendu velferðarnefnd umsögn þann 7. mars síðastliðin en senda nú aðra tillögu sem tekur með réttari hætti á vandanum.

#### **Gildistökuákvæði laganna eða þörf fyrir bráðabirgðaákvæði**

Um gildistöku er fjallað í 17. gr. frumvarpsins sem hljóðar svo:

*“17. gr.  
Gildistaka.*

*Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2025 og taka til iðjónsatvika sem verða frá og með þeim tíma. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000.”*

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu vilja benda á viðbætur sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja hagsmuni sjúklinga eftir að skyldubundin sjúklingatrygging einkaaðila í heilbrigðisþjónustu færist frá váttryggingafélögunum við gildistöku laganna.

Ástæða þess að samtökin telja viðbót nauðsynlega er sú að sjúklingatryggingar váttryggingafélaganna taka aðeins til þeirra mála, sem tilkynnt eru þeim á gildistíma tryggingarinnar. Af því leiðir að þegar lögin hafa tekið gildi og váttryggingar váttryggingafélaganna fallið út gildi, þá mun hópur sjúklinga standa eftir án tryggingaverndar vegna atvika (rannsóknar, meðferðar eða aðgerðar) sem orðið hafa fyrir gildistöku laganna sem hafa ekki verið tilkynnt váttryggingafélögunum fyrir þann tíma.



## Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu

Hægt væri að leysa þennan vanda með því að setja bráðabirgðaákvæði í löginn sem gæti hljóðað svo:

*"19. gr. Ákvæði til bráðabirgða*

*Sjúklingatryggingastofnunin skal taka til afgreiðslu bótakröfur vegna atvika sem áttu sér stað fyrir gildistöku laganna en voru ekki tilkynntar vátryggingafélagi fyrir þann tíma, samkvæmt 12. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000."*

Önnur leið væri að setja málsgrein á þessa leið í gildistökuákvæðið. Fulltrúar samtakanna eru reiðubúnir að veita frekari upplýsingar ef eftir því verður leitað.

Virðingarfyllst,

F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja.

Margrét Arnheiður Jónsdóttir, lögfræðingur